Hagtíðindi
Statistical Series

Upplýsingatækni
Information technology

2006:2 • 19. janúar 2006

# Íslenskur upplýsingatækniiðnaður 2000–2004

*The ICT sector in Iceland 2000–2004*

*Samantekt*

**Árið 2004 störfuðu 426 fyrirtæki með ríflega 5.500 starfsmenn í upplýsingatækniiðnaði hér á landi. Velta þessara fyrirtækja var tæpir 90 milljarðar þetta sama ár.**

**Árið 2004 voru fluttar inn upplýsingatæknivörur að verðmæti 49 milljarða. Sama ár voru fluttar út upplýsingatæknivörur fyrir ríflega hálfan milljarð íslenskra króna og verðmæti útfluttrar þjónustu tengdri upplýsingatækni nam tæplega fjórum milljörðum íslenskra króna.**

**Í þessu riti birtir Hagstofan tölur yfir fjölda starfandi fyrirtækja í upplýsingatækniiðnaði, fjölda starfsmanna og veltu fyrirtækja í þessum geira á árunum 2000 til 2004. Að auki eru hér birtar tölur yfir verðmæti inn- og útfluttra upplýsingatæknivara sem og útfluttrar upplýsingatækniþjónustu.**

## Íslenskur upplýsingatækniiðnaður 2000–2004

*Fyrirtækjum fjölgaði um 52 á fimm árum*

Á fimm ára tímabili hefur starfandi fyrirtækjum í upplýsingatækniiðnaði[1] fjölgað úr 374 árið 2000 í 426 árið 2004. Fjölgunin hefur helst orðið meðal fyrirtækja í hugbúnaðargerð og ráðgjöf, en þeim fjölgaði um 62 frá árinu 2000 til ársins 2004. Fyrirtæki í síma- og fjarskiptaþjónustu voru tveimur fleiri árið 2004 en árið 2000 og heildsölum með upplýsingatæknivörur fækkaði frá því að vera 137 árið 2000 í 128 árið 2004. Fyrirtækjum sem starfa við framleiðslu upplýsingatæknivara fækkaði um þrjú milli áranna 2000 og 2003 en tala þeirra hélst óbreytt milli áranna 2003 og 2004 (tafla 1).

**Tafla 1. Fjöldi fyrirtækja í upplýsingatækniiðnaði 2000–2004**
*Table 1. Number of enterprises in the ICT sector 2000–2004*

| Fjöldi *Number* | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **UT fyrirtæki alls *ICT sector total*** | **374** | **383** | **390** | **408** | **426** |
| UT-framleiðsla *ICT production* | 23 | 23 | 21 | 20 | 20 |
| UT-þjónusta alls *ICT services total* | 351 | 360 | 369 | 388 | 406 |
| Heildverslun *Wholesale* | 137 | 126 | 125 | 134 | 128 |
| Síma- og fjarskiptaþjónusta *Telecommunication* | 14 | 14 | 17 | 13 | 16 |
| Hugbúnaðargerð og ráðgjöf *Consultancy services* | 200 | 220 | 227 | 241 | 262 |

**Skýring** ***Notes:*** Fyrirtæki með a.m.k. 5 milljónir króna í ársveltu á verðlagi ársins 2000. UT merkir upplýsingatækni. *Enterprises with at least 5 Million IKR turnover on a yearly basis. Turnover is calculated according to CPI. UT stands for ICT or Information communication.*

[1] Nánari sundurgreiningu á þeim atvinnugreinum sem teljast til upplýsingatækni má sjá í töflu 5.

Hagstofa Íslands

*Ríflega 5.500 manns starfa í upplýsingatækniiðnaði*

Þrátt fyrir fjölgun fyrirtækja í upplýsingatækniiðnaði milli áranna 2000 og 2004 fækkaði starfsmönnum um tæp 6% á þessu sama tímabili. Árið 2000 störfuðu tæplega 5.800 manns hjá upplýsingatæknifyrirtækjum en árið 2004 störfuðu ríflega 5.500 manns hjá slíkum fyrirtækjum. Það ár störfuðu fjórir af hverjum tíu starfsmönnum upplýsingatæknifyrirtækja við hugbúnaðargerð og ráðgjöf og ríflega helmingur starfsmanna starfaði ýmist í heildverslun með upplýsingatæknivörur eða í síma- og fjarskiptaþjónustu. Fæstir störfuðu hins vegar hjá fyrirtækjum sem framleiða upplýsingatæknivörur. Starfsmenn upplýsingatæknifyrirtækja eru um 7% af heildarfjölda starfandi í framleiðslu- og þjónustugreinum og hefur hlutfallið haldist óbreytt milli áranna 2000 og 2004 (tafla 2).

**Tafla 2. Fjöldi starfandi í upplýsingatækniiðnaði 2000–2004**
*Table 2. Number of persons employed in the ICT sector 2000–2004*

| Fjöldi *Number* | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsmenn UT fyrirtækja alls** *__Persons employed in the ICT sector total__* | **5.865** | **5.931** | **5.709** | **5.433** | **5.534** |
| UT-framleiðsla *ICT production* | 128 | 121 | 116 | 92 | 81 |
| UT-þjónusta alls *ICT services total* | 5.737 | 5.810 | 5.593 | 5.341 | 5.453 |
| Heildverslun *Wholesale* | 1.601 | 1.552 | 1.557 | 1.537 | 1.620 |
| Síma- og fjarskiptaþjónusta *Telecommunication* | 1.629 | 1.642 | 1.671 | 1.555 | 1.514 |
| Hugbúnaðargerð og ráðgjöf *Consultancy services* | 2.507 | 2.616 | 2.365 | 2.249 | 2.319 |

**Skýringar** *Notes*: UT merkir upplýsingatækni. *UT stands for ICT or Information Communication Technology.*

*Velta upplýsingatækniiðnaðar nemur um 7% af heildarveltu*

Árið 2000 var heildarvelta fyrirtækja í upplýsingatækniiðnaði ríflega 67 milljarðar. Fimm árum síðar var hún rétt tæpir 90 milljarðar. Velta upplýsingatæknifyrirtækja sem hlutfall heildarveltu fyrirtækja í framleiðslu- og þjónustugreinum er sú sama þetta fimm ára tímabil eða um 7% (tafla 3).

**Tafla 3. Velta í upplýsingatækniiðnaði 2000–2004**
*Table 3. Turnover in the ICT sector 2000–2004*

| Í milljónum króna á verðlagi hvers árs *Million ISK at current prices* | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Velta UT fyrirtækja alls** *__Turnover in the ICT sector total__* | **67.271** | **71.787** | **74.385** | **77.728** | **89.105** |
| UT-framleiðsla *ICT production* | 1.175 | 1.315 | 1.188 | 930 | 921 |
| UT-þjónusta alls *ICT services total* | 66.097 | 70.472 | 73.197 | 76.798 | 88.184 |
| Heildverslun *Wholesale* | 30.497 | 30.592 | 32.607 | 34.497 | 40.709 |
| Síma- og fjarskiptaþjónusta *Telecommunication* | 19.680 | 21.005 | 22.469 | 23.934 | 26.171 |
| Hugbúnaðargerð og ráðgjöf *Consultancy services* | 15.920 | 18.876 | 18.121 | 18.367 | 21.303 |

**Skýringar** *Notes*: UT merkir upplýsingatækni. *UT stands for ICT or Information Communication Technology.*

## Inn- og útflutningur upplýsingatækni 2000–2004

*15% innfluttra vara falla undir upplýsingatækni*

Árið 2004 var verðmæti innfluttra vara ríflega 260 milljarðar króna. Þar af nam verðmæti innfluttra upplýsingatæknivara tæplega 49 milljörðum eða um 15%. Að stærstum hluta eru það tölvur og tölvubúnaður en því næst rafbúnaður fyrir mynda- og hljóðflutning (mynd 1).

**Mynd 1. Verðmæti innfluttra upplýsingatæknivara 2004 Cif**
*Figure 1. Import value of ICT goods 2004 Cif*




*Verðmæti útfluttra upplýsingatæknivara nær ekki 0,5% af heildarverðmæti útfluttra vara*

Verðmæti útfluttra upplýsingatæknivara mælist minna en 0,5% af heildarverðmæti útfluttra vara árin 2000–2004. Árið 2004 voru fluttar út upplýsingatæknivörur að verðmæti 556 milljónir íslenskra króna. Þar af skipaði annars konar upplýsinga-tæknibúnaður tvo þriðju hluta eða 374 milljónir en því næst tölvur, tölvubúnaður og fjarskiptabúnaður (mynd 2).

**Mynd 2. Verðmæti útfluttra upplýsingatæknivara 2004 Fob**
*Figure 2. Export value of ICT goods 2004 Fob*




Í milljónum króna *Million ISK*

*Verðmæti útfluttrar UT-þjónustu meira en útfluttra UT-vara*

Verðmæti útfluttrar upplýsingatækniþjónustu árið 2004 var nokkru meira en verðmæti útfluttra upplýsingatæknivara eða tæpir 4 milljarðar (tafla 4).

**Tafla 4. Útflutningur upplýsingatækniþjónustu 2002–2004**
*Table 4. Exports of ICT services 2002–2004*

| Í milljónum króna á verðlagi hvers árs<br>*Million ISK at current prices* | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| Útflutningur UT-þjónustu *Exports of ICT services* | 3.472 | 3.450 | 3.908 |

**Skýring** *Notes*: UT merkir upplýsingatækni. *UT stands for ICT or Information communication.*

**Heimild** *Source*: Seðlabanki Íslands. *Central Bank of Iceland*

## Heimildir og skilgreiningar

*Heimildir*

Við birtingu niðurstaðna um fjölda fyrirtækja og veltutölur er byggt á upplýsingum ríkisskattstjóra um virðisaukaskattskil fyrirtækja viðkomandi ár. Til að geta talist starfandi fyrirtæki er miðað við að fyrirtæki hafi að lágmarki 5 milljónir íslenskra króna í ársveltu á árinu 2000 og fyrir önnur ár er sú viðmiðunarfjárhæð látin taka sömu breytingum og vísitala neysluverðs.

Við talningu starfsmanna byggði Hagstofan niðurstöður sínar á staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra og skilagreinum vegna launagreiðslna sem launagreiðendur láta ríkisskattstjóra í té.

Upplýsingar um inn- og útflutning byggjast á gögnum frá tollayfirvöldum og Seðlabanka Íslands. Í töflu 6 eru upplýsingatæknivörur flokkaðar eftir tollskrárnúmerum.

*Hvað er upplýsingatækniiðnaður?*

Upplýsingatækni nær bæði yfir framleiðslu- og þjónustustarfsemi. Framleiðslustarfsemin nær til átta ÍSAT flokka en undir þjónustu falla ellefu ÍSAT flokkar. Þjónustu er skipt í eftirtalda undirflokka:

- Heildverslun
- Síma- og fjarskiptaþjónustu
- Hugbúnaðargerð og ráðgjöf.

*Byggt á ÍSAT 95*

Skiptingin er í samræmi við skilgreiningar sem voru við lýði meðal annarra Norðurlanda, Evrópusambandsins sem og OECD fram til ársins 2003. Það ár tók gildi lítillega breytt útgáfa af atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins *NACE rev. 1.1*. Þessar breytingar voru ekki innleiddar í flokkunarkerfi Hagstofunnar *ÍSAT 95*, sem byggir á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins *NACE rev. 1*. Nánari sundurgreiningu á þeim atvinnugreinum sem teljast til upplýsingatækni má sjá í töflu 5.

## English Summary

In the year 2004 the total number of enterprises in the ICT sector was 426, which employed around 7% of the total number of persons employed in the total private sector. That same year the turnover in the ICT sector amounted to a little less than 90 000 million IKR.

The value of imported ICT goods was 15% of total value of imported goods in the year 2004. Value of exported ICT goods was 556 million IKR in the year 2004 or less than 0,5% of total value of exported goods. That same year the value of exported ICT services was a little less than 4 000 million IKR.

This article includes data on the number of enterprises, persons employed and turnover in the ICT sector in Iceland during the period 2000-2004. The value of exported and imported goods in the same period is also covered as well as the value of exported ICT services in the years 2002-2004.

**Tafla 5. Atvinnugreinar upplýsingatækniiðnaðar**
*Table 5. Definition of the ICT sector*

| | **ÍSAT 95** *NACE rev. 1* |
|---|---|
| **Heiti UT-atvinnugreinar** ***ICT activities*** | |
| UT-framleiðsla *ICT manufacturing* | |
| Framleiðsla á skrifstofuvélum | 3001 |
| Framleiðsla á tölvum og öðrum gagnavinnsluvélum | 3002 |
| Framleiðsla á einangruðum vírum og strengjum | 3130 |
| Framleiðsla og viðgerðir á rafeindalömpum og öðrum íhlutum rafeindatækja | 3210 |
| Framleiðsla og viðgerðir útvarps- og sjónvarpssenda og tækja fyrir símtækni og símritun | 3220 |
| Framleiðsla sjónvarps- og útvarpstækja, hátalara, loftneta og skyldrar vöru | 3230 |
| Framleiðsla og viðhald á leiðsögutækjum og búnaði til mælinga, eftirlits og prófana | 3320 |
| Framleiðsla og viðhald á stjórnbúnaði fyrir iðnaðarframleiðslu | 3330 |
| UT-þjónusta *ICT services* | |
| Heildverslun *Wholesale* | |
| Heildverslun með heimilistæki, útvarps- og sjónvarpstæki, lampa, rafmagnstæki o.þ.h. | 5143 |
| Heildverslun með tölvur, ritvélar o.þ.h. | 51641 |
| Heildverslun með annan ótalin búnað og vélar til nota í iðnaði, verslun, siglingum og flugi | 51659 |
| Síma- og fjarskiptaþjónusta *Telecommunication* | 6420 |
| Hugbúnaðargerð og ráðgjöf *Consultancy services* | |
| Leiga á skrifstofuvélum og tölvum | 7133 |
| Ráðgjöf varðandi tölvuvélbúnað | 7210 |
| Hugbúnaðargerð; ráðgjöf varðandi hugbúnað | 7220 |
| Gagnavinnsla | 7230 |
| Rekstur gagnabanka | 7240 |
| Viðhald og viðgerðir á skrifstofu- og bókhaldsvélum og tölvum | 7250 |
| Önnur starfsemi tengd tölvum og gagnavinnslu | 7260 |

**Skýring** *Notes*: UT merkir upplýsingatækni. *UT stands for ICT or Information communication technology.*

**Tafla 6. Tollskrárnúmer upplýsingatæknivara**

*Table 6. ICT products*

| Rafbúnaður fyrir mynda- og hljóðflutning *Audio- and video equipment* | Tölvur og tölvubúnaður *Computers and related equipment* | Rafeindahlutar *Electronic components* | Fjarskiptabúnaður *Telecommunication equipment* | Annars konar upplýsingatæknibúnaður *Other ICT goods* |
|---:|---:|---:|---:|---:|
| 851810 | 847110 | 852330 | 851711 | 846911 |
| 851821 | 847130 | 852460 | 851719 | 847010 |
| 851822 | 847141 | 852990 | 851721 | 847021 |
| *851829* | 847149 | 853221 | 851722 | 847029 |
| *851830* | 847150 | 853224 | 851730 | 847040 |
| 851840 | 847160 | 853230 | 851750 | 847050 |
| 851850 | 847170 | 853310 | 851780 | 847310 |
| 851890 | 847180 | 853321 | 851790 | 847321 |
| 851910 | 847190 | 853329 | 852020 | 847350 |
| 851921 | 847330 | 853331 | 852510 | 852691 |
| 851929 | | 853339 | 852520 | 852692 |
| 851931 | | 853340 | 852530 | 901410 |
| 851939 | | 853390 | 852610 | 901420 |
| 851940 | | 853400 | 852790 | 901480 |
| 851992 | | 854011 | 852910 | 901490 |
| 851993 | | 854012 | 854420 | 901540 |
| 851999 | | 854020 | 854470 | 901580 |
| 852010 | | 854040 | | 902410 |
| 852032 | | 854050 | | 902480 |
| 852033 | | 854060 | | 902490 |
| 852039 | | 854071 | | 902620 |
| 852090 | | 854072 | | 902710 |
| 852110 | | 854079 | | 902730 |
| 852190 | | 854081 | | 902740 |
| 852210 | | 854089 | | 902750 |
| 852290 | | 854091 | | 902780 |
| 852311 | | 854099 | | 902810 |
| 852312 | | 854110 | | 902820 |
| 852313 | | 854121 | | 902830 |
| 852320 | | 854129 | | 902890 |
| 852390 | | 854130 | | 902910 |
| 852540 | | 854140 | | 902920 |
| 852712 | | 854150 | | 902990 |
| 852713 | | 854160 | | 903010 |
| 852719 | | 854190 | | 903020 |
| 852721 | | 854210 | | 903031 |
| 852729 | | 854221 | | 903039 |
| 852731 | | 854229 | | 903040 |
| 852732 | | 854260 | | 903082 |
| 852739 | | 854270 | | 903083 |
| 852812 | | 854290 | | 903110 |
| 852813 | | | | 903120 |
| 852821 | | | | 903130 |
| 852822 | | | | 903141 |
| 852830 | | | | 903180 |
| | | | | 903190 |
| | | | | 903210 |
| | | | | 903220 |
| | | | | 903289 |
| | | | | 903290 |

**Skýring** *Notes*: Nánari upplýsingar um hvert tollskrárnúmer er að finna á vefsíðu Tollstjórans í Reykajvík www.tollur.is. *More information on each classification number can be found on the website of The Directorate of Customs www.tollur.is.*

## Tafla 7. Innflutningur upplýsingatæknivara 2000–2004, Cif
*Table 7. Imports of ICT goods 2000–2004, Cif*

| Í milljónum króna á verðlagi hvers árs *Million ISK at current prices* | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Innflutningur UT-vara alls** ***Imports of ICT goods total*** | **44.617** | **38.288** | **36.298** | **36.098** | **38.534** |
| Rafbúnaður fyrir mynda- og hljóðflutning *Audio- and video equipment* | 7.970 | 5.998 | 6.157 | 7.095 | 8.845 |
| Tölvur og tölvubúnaður *Computers and related equipment* | 16.737 | 15.158 | 14.919 | 14.935 | 16.190 |
| Rafeindahlutar *Electronic components* | 5.548 | 5.828 | 4.741 | 4.796 | 4.919 |
| Fjarskiptabúnaður *Telecommunication equipments* | 7.420 | 6.605 | 5.017 | 5.438 | 5.024 |
| Annars konar upplýsingatæknibúnaður *Other ICT goods* | 6.943 | 4.700 | 5.465 | 3.834 | 3.556 |
| UT sem hlutfall af heildarinnflutningi *ICT as a share of total imports* | 22 | 17 | 17 | 17 | 15 |

**Skýring** *Notes*: UT merkir upplýsingatækni. *UT stands for ICT or Information communication technology.*

## Tafla 8. Útflutningur upplýsingatæknivara 2000–2004, Fob
*Table 8. Exports of ICT goods 2000–2004, Fob*

| Í milljónum króna á verðlagi hvers árs *Million ISK at current prices* | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Útflutningur UT-vara alls** ***Exports of ICT goods total*** | **566** | **710** | **907** | **759** | **556** |
| Rafbúnaður fyrir mynda- og hljóðflutning *Audio- and video equipment* | 22 | 15 | 12 | 12 | 21 |
| Tölvur og tölvubúnaður *Computers and related equipment* | 152 | 115 | 125 | 75 | 70 |
| Rafeindahlutar *Electronic components* | 69 | 98 | 68 | 127 | 26 |
| Fjarskiptabúnaður *Telecommunication equipments* | 88 | 74 | 80 | 42 | 65 |
| Annars konar upplýsingatæknibúnaður *Other ICT goods* | 235 | 408 | 622 | 503 | 374 |
| UT sem hlutfall af heildarútflutningi vara *ICT as a share of total exports of goods* | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,3 |

**Skýring** *Notes*: UT merkir upplýsingatækni. *UT stands for ICT or Information communication technology.*

Hagtíðindi
Statistical Series
91. árgangur nr. 2
ISSN 0019-1078

Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
afgreidsla@hagstofa.is

**Upplýsingatækni**
***Information technology***

2006:2
ISSN 1670-4592 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4606 (pdf)
Verð ISK 500 *Price EUR 7*
Umsjón *Supervised by* Guðfinna Harðardóttir • gudfinna.hardardottir@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*